

Ed.

176. Nefndarálit

um frv. til l. um ríkisútgáfu skólabóka.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Með lögum um fræðslumálastjórn og í lögum um fræðslumálanefndir er ríkinu veitt aðstaða til fullnægjandi áhrifa á útgáfu skólabóka, þar sem fræðslumálanefndum er gert að skyldu að bera tillögur sínar um námsskrár og löggilding skólabóka m. m. undir samþykki ráðuneytisins. Hefir það því ávallt í hendi sinni, hvaða kennslubækur eru valdar og löggiltar.

Ég hefi, meðal annars að þessu athuguðu, ekki getað orðið samferða -hv. meiri hl. menntamálanefndar í því að mæla með samþykkt frv. þessa. Þar að auki er ég mótfallin ríkisrekstri yfirleitt og hefi enga trú á, að kennslubækur batni eða verði ódýrari, þótt slík ríkisútgáfa kæmist á.

Fyrir því legg ég til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að fræðslumálastjórnin sjái um, að þjóðin eigi jafnan vöð á vönduðum og ódýrum kennslubókum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. marz 1935.

Guðrún Lárusdóttir.